

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Í ÞORLÁKSHÖFN

Dagsetning	19. september 2011	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2018
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúar fyrirtækis	Gestur Guðjónsson Tryggvi Samúelsson
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N63 51,364 V21 22,315
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun		

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar í Þorlákshöfn, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum. Skráningar í rekstrarhandbók og á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Frárennsli olíuskilju í stöðinni var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stóðst frárennslið það próf.

Báðir geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2008.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Tekið var á loka í frárennsli þróar og reyndist lokinn standa lokaður eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað.

Girðingar og hlið voru í lagi.

## **FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>**

### **Frávik:**

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit.

### **Athugasemdir:**

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Reykjavík, 30/10/2011

---

Undirskrift eftirlitsaðila

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.